

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 30. ágúst kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 741. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Jón Kjartan Ágústsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Óðinsgata 5, (fsp) gististaður í flokki II** (01.181.0) Mál nr. SN190478
Skjalnr. 6447
Sólveig Guðmundsdóttir, Melahvarf 7, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Sólveigar Guðmundsdóttur dags. 16. ágúst 2019 um rekstur gististaðar í flokki II á lóð nr. 5 við Óðinsgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2019 samþykkt.
- Rauðarárstígur 1, (fsp) breyting á notkun** (01.222.1) Mál nr. SN190484
Skjalnr. 13386
530514-2500 Ástrík poppkorn slf., Ásvegi 16, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ástriks poppkorns slf. dags. 21. ágúst 2019 varðandi breytingu á notkun verslunarrýma á 1 hæð hússins á lóð nr. 1 við Rauðarárstíg í íbúðir (Fnr. 20099593 og F2009594). Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2019.
- Álfsnes - Víðines, framkvæmdaleyfi** (36.2) Mál nr. SN190495
Skjalnr. 10252
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 26. ágúst 2019 varðandi framkvæmdaleyfi fyrir Álfsnes - Víðines. Framkvæmdin felst í endurnýjun á háspennulínu, lagningu á jarðstreng í stað loftlínu sem verður fjarlægð, einnig verða lagnir endurnýjaðar, ljósleiðari lagður og fleira. Einnig er lagt fram teikningasett Veita dags. júlí 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

4. **Hrafnhólar, Gróðurhús** (00.032.000) Mál nr. BN056410
Skjalnr. 12936
621208-1790 Monóna ehf., Þinghóltsstræti 16, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa tvö gróðurhús, hvort um sig um 2500 ferm að stærð ætluð til skógræktar og er staðsetning þeirra byggð á jarðvegskönnun og veðurmælingum á jörðinni Hrafnhólar á Kjalarnesi, samkvæmt uppdráttum VA arkitekta ehf. dags. 25. júní 2019. Einnig er lagt fram bréf Salvara Jónsdóttur f.h. eigenda Hrafnhóla dags. 11. júlí 2019 ásamt uppdrætti/afstöðumynd VA arkitekta ehf. dags. 25. júní 2019 br. 11. júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir minnisblað Veðurvaktarinnar dags. 24. júní 2019. Gjald kr. 11.200
Leiðrétt bókun frá 23. ágúst 2019.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir að landeiganda að Þverárkoti og Skarðsvegi 1-26. Einnig verður sent bréf til Mosfellsbæjar til kynningar þar sem framkvæmdin tekur til svæðis sem liggur að mörkun aðliggjandi sveitarfélaga.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
5. **Lambhagavegur 23, breyting á** (02.684.1) Mál nr. SN190462
deiliskipulagi Skjalnr. 12236
411286-1349 Lambhagavegur 23 ehf., Lambhagavegi 23, 113 Reykjavík
Helgi Hafliðason, Stuðlasel 44, 109 Reykjavík
Lögð fram umsókn Helga Hafliðasonar dags. 30. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst að byggingarlína íbúðarhúss er færð 2 metra til vesturs, samkvæmt uppdr. Helga Hafliðasonar dags. 8. júlí 2019.
Leiðrétt bókun frá 23. ágúst 2019:
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Lambhagavegi 21.

Vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram skv. 7.6. gr. sbr. 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
6. **Hagamelur 67, (fsp) hækkun húss** (01.525.0) Mál nr. SN190488
Skjalnr. 12013
Kristjana Margr. Sigurðardóttir, Eiðismýri 8A, 170 Seltjarnarnes
Lögð fram fyrirspurn Kristjönu Margrétar Sigurðardóttur dags. 22. ágúst 2019 ásamt bréfi dags. 22. ágúst 2019 um hækkun hússins á lóðinni nr. 67 við Hagamel sem felst í að byggja allt að 3. hæða íbúðarhúsnæði ofan á núverandi verslunarhúsnæði, samkvæmt uppdr T.Ark. Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Laugavegur 63, breyting á deiliskipulagi** (01.173.0) Mál nr. SN190480
Skjalnr. 11329
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík
Lilja Gunnarsdóttir, Laugavegur 63, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 19. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðarinnar nr. 63 við Laugaveg. í breytingunni felst að heimilt er að gera þakvalir á risibúð sem liggur við Vitastíg, samkvæmt uppdrætti Kurt og pí ehf. dags. 19. apríl 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

8. **Bergstaðastræti 72, málskot** (01.197) Mál nr. SN190491
Skjalnr. 14031
Ólafur Loftsson, Bergstaðastræti 72, 101 Reykjavík
Lagt fram málskot Ólafs Loftssonar og Dagnýjar Hermannsdóttur dags. 19. ágúst 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 7. desember 2018 um að setja bílastæði á lóð nr. 72 við Bergstaðastræti.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
9. **Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31, lýsing** (01.265.2) Mál nr. SN190500
Skjalnr. 8872
530117-0570 Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 28. ágúst 2019 ásamt skipulagslýsingu dags. í ágúst 2019 vegna breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar34/Ármúla 31, reitur 1.265. Í skipulagslýsingu eru fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi tilgreindar. Í breytingunni felst að gert ráð fyrir að þétt ný blönduð byggð ris í stað atvinnuhúsnæðis.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
10. **Ásvallagata 25, Svalir - annarri, þriðju og rishæð** (01.162.206) Mál nr. BN056449
Skjalnr. 10318
520407-0570 Ásvallagata 25, húsfélag, Ásvallagötu 25, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2., 3. og rishæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 25 við Ásvallagötu. Erindi fylgir ódagsett samþykki allra húseigenda áritað á uppdrátt dags. 11. júlí 2019, undirritað umboð eiganda íbúðar 0301 dags. 11. júní 2019 og umboð eiganda íbúðar 0001, dags. 11. júní 2019 auk skýrslu burðarþolshönnuðar dags. 14. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 23 og 27 og Brávallgötu 30 og 40.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
11. **Sægarðar og Eyjaslóð, smáhýsi** Mál nr. SN190503
Skjalnr. 7284
Skipulagsfulltrúi óskar eftir umsögn Faxaflóahafna um möguleika á staðsetningu fyrir smáhýsi Velferðarsviðs á hafnarsvæði. Um er að ræða staðsetningar við Sægarða og Eyjaslóð þar sem nauðsynlegt yrði að skilgreina nýjar lóðir. Erindinu fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019. Erindinu fylgir einnig uppdráttur Teiknistofunnar Stiku dags. 13.6.2019 með tillögu að breytingu á deiliskipulaginu Ártúnshöfði - Eystri vegna smáhýsa að Höfðabakka 5, sem dæmi um svipað verkefni sem nú er í ferli. Einnig lögð fram umsagnarbeiðni skipulagsfulltrúa til Faxaflóahafna dags. 30. ágúst 2019.
Lagt fram.
12. **Grjótagata 6, synjun á rekstrarleyfi fyrir gististað** (01.136) Mál nr. SN190492
Skjalnr. 6518
541201-5210 Art Centrum sf., Grjótagötu 6, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Elínar Eddu Árnadóttur og Sverris Guðjónssonar ódags. varðandi synjun á rekstrarleyfi gististaðar Art Centrum að Grjótagötu 6.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Langagerði 14, Bílskúr austan við hús** (01.832.007) Mál nr. BN055842

Jón Aðalsteinn Sveinsson, Langagerði 14, 108 Reykjavík
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir, Langagerði 14, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypnan bílskúr, einangraðan að innan með timburþaki á lóð nr. 14 við Langagerði. Erindi var grenndarkynnt frá 15. apríl til og með 13. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir. Guðný J. Valberg og Ólafur Eggertsson, dags. 2. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt lagfærðum uppdr. verkfræðistofunnar Þráins og Benedikts dags. 21. febrúar 2019 og síðast breytt 19. ágúst 2019.

Stærð bílskúrs er: 48,9 ferm., 163,5 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. mars 2019. Gjald kr. 11.200

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

14. **Skólavörðustígur 8, Biljardstofu með** (01.171.206) Mál nr. BN056516
vínveitingaleyfi Skjalnr.

650701-2320 Northern star á Íslandi ehf., Njálsgötu 59, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir biljardstofu/krá með vínveitingaleyfi, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019.

Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019 samþykkt.

15. **Bergþórugata 55, Breyting inni - þrjár** (01.191.116) Mál nr. BN056492
íbúðir Skjalnr. 14118

690411-0160 Hváll ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi allra hæða þannig að í húsinu verða 3 íbúðir, eldri svalir verða fjarlægðar og gluggar færðir nær upprunalegri gerð, nýjar svalir gerðar, sagað niður úr gluggum fyrir svalahurðir auk þess sem ný vinnustofa verður byggð á baklóð þar sem áður var skúr á lóð nr. 55 við Bergþórugötu.

Niðurrif: 19,9 ferm., 41,8 rúmm. Vinnustofa: 45,2 ferm., 115,3 rúmm. Heildarstækkun: 25,3 ferm., 72,8 rúmm. Erindinu fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. ágúst 2019, varmatapsútreikningar mótt. 19. ágúst 2019, yfirlit yfir breytingar mótt. 19. ágúst 2019. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

16. **Laugavegur 15, (fsp) veitingastaður** (01.171.1) Mál nr. SN190485
Skjalnr. 12725

670717-0700 A FEATHER ON THE OLFUS ehf., Austurbergi 12, 111 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn A FEATHER ON THE OLFUS ehf. dags. 21. ágúst 2019 um að vera með verslun og veitingastað/take away á jarðhæð hússins á lóð nr. 15 við Laugaveg.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

17. **Þingás 38, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.721.2) Mál nr. SN190185
Skjalnr. 14101

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

251172-3589 Telma Birgisdóttir, Þingás 38, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 19. mars 2019 ásamt bréfi dags. 19. mars 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 38 við Þingás og koma þar fyrir anddyri og sólskála og setja geymsluskúr í suðausturhorn lóðar, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 19. mars 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019 samþykkt.

18. **Blesugróf 12, Parhús** (01.885.506) Mál nr. BN056547
Skjalnr. 13852
700610-0630 Borgarvirki ehf., Pósthólf 10015, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja parhús á einni hæð á lóð nr. 12 við Blesugróf.
Stærð: 263,4 ferm., 906.8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Eyjarslóð 1, Svalir - 2.hæð** (01.111.502) Mál nr. BN056535
Skjalnr. 5644
541008-1440 GT 2 ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, gluggasetningu og setja svalir á 2. hæð iðnaðar-og skrifstofuhúss nr. 1, mhl-01, við Eyjarslóð.
Erindi fylgir mælíblað 1.111.502 endurútgefið í febrúar 2001.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Haukahlíð 1, Breytingar - mhl.03** (01.629.102) Mál nr. BN056582
Skjalnr. 14173
450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055293 þannig að tæknirými færist til og stærðir geymslna í kjallara 00 breytast, innra fyrirkomulag salerna og eldhúsa á öllum hæðum er breytt, stærðum á sérafnotaflata er breytt auk þess sem gerð utanhússklæðningar breytist í mhl. 03 á lóð nr. 1 við Haukahlíð.
[Minnkun er nú á A rýmum : -2,6 ferm., -169,6 rúmm. Minnkun er nú á B rýmum : -26,0 ferm., -105,1 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Haukahlíð 1, Ýmsar breytingar - mhl.04** (01.629.102) Mál nr. BN056583
Skjalnr. 14173
450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055415 þannig að svalir á norður hlið eru stækkaðar, kassar utan um svalir íbúða 0205, 0305, 0405 og 0501, á vestur horni og suðurhlið eru fjarlægðir, inngangshurð færist til, innra skipulagi íbúða 0501 og 0503 breytist og salarhæð kjallara breytist í fjölbýlishúsi, mhl.04 á lóð nr. 1 við Haukahlíð.
Stækkun A rýmis er: 19,4 ferm., 99,4 rúmm. Stækkun B rýmis er minnkun : -33,9,0 ferm., -216,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Haukahlíð 1, Breytt skráningartafla - mhl.02** (01.629.102) Mál nr. BN056580
- breytingar inn og úti Skjalnr. 14173

450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054935 þannig að stærð tæknirýmis og fjölda geymslna í kjallara er breytt, innra fyrirkomulag salerna breytist á öllum hæðum, hætt er við svalir á 5. hæð og þess í stað komið fyrir þaksvolum, kassar utan um svalir fjarlægðir og svalir færðar til í fjölbýlishúsi, mhl. 02, á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

[Stækkun er nú : XX ferm., XX rúmm og það sem þarf að borga af er 110 ferm. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

23. **Haukahlíð 1, Ýmsar breytingar - mhl.5** (01.629.102) Mál nr. BN056584
Skjalnr. 14173

450107-0420 Hliðarfötur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055148 þannig að tæknirými er fært til og geymslum í kjallara er breytt í kjallara sem tengdur er við kjallara mhl.01 um slúsu milli kjallara K1 og K2, stærðum sérafnotaflata er breytt, hætt við göt í plötur framan við glugga á svalagöngum, opnað verður inn á svalaganga, innra fyrirkomulag salerna á öllum hæðum er breytt og utanhússklæðningum er breytt í fjölbýlishúsi, mhl.05, á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Stækkun A rýmis er: 28,6 ferm. og minnkun er rúmm er -133,2 rúmm. Stækkun B rýmis er: 58,0 ferm., 140,1 rúmm. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Sogavegur 158, Áður gerðar breytingar** (01.830.114) Mál nr. BN055963
Skjalnr. 13335

Pálmi Gíslason, Sogavegur 158, 108 Reykjavík

Margrét Ágústsdóttir, Sogavegur 158, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á byggingum á lóð nr. 158 við Sogaveg.

Gjald: 11.200 kr.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Korngarðar 1, Ný viðbygging** (01.323.101) Mál nr. BN056501
Skjalnr. 12165

670203-2120 Hagar hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr stálgrind klæddri berandi steinullarplötum og staðsteyptum veggjum að hluta, fyrir pökkun, lager, kæli og frystigeymslur, á vesturhluta lóðar nr. 1 við Korngarða.

Stærðir mhl-03: Samtals A-rými: 4.396,1 ferm., 79.514,8 rúmm. Samtals B-rými: 43,6 ferm., 150,0 rúmm. Samtals A- og B rými: 4.439,7 ferm., 79.664,8 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. júlí 2019, afrit af umsókn til Vinnueftirlitsins dags. 17. júlí 2019, mæliblað dags. apríl 2014 og afrit af gildandi aðaluppdráttum samþ. 1. nóv. 2016. Gjald kr. 11.200)

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

26. **Brautarholt 6, (fsp) fjölgun íbúða** (01.241.2) Mál nr. SN190482
Skjalnr. 11547

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn T.Ark Arkitekta dags. 20. ágúst 2019 ásamt bréfi dags. 20. ágúst 2019 varðandi fjölgun íbúða ásamt því að óskað er eftir endurskoðun á eldri ákvörðun skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019 um að fækka íbúðum og sýna fram á fjölbreyttar stærðir íbúða á lóðinni nr. 6 við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.Ark Arkitekta ehf. dags. 15. ágúst 2019 og ódags. og skýringamyndum T.Ark Arkitekta ehf. ódags. Einnig er lagt fram umboð eiganda dags. 15. ágúst 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019.

27. **Gefjunarbrunnur 10, breyting á skilmálum** (02.695.4) Mál nr. SN190417
deiliskipulagi Skjalnr. 14151
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Vígundur Laxdal Sverrisson, Leirvogstunga 10, 270 Mosfellsbær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Noland Arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulag Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10 við Gefjunarbrunn. Í breytingunni felst að skipta megi húsinu upp lóðrétt í tvær íbúðir í stað lárétt, samkvæmt tillögu Noland Arkitekta ehf. dags. 10. júlí 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 29. júlí 2019 til og með 26. ágúst 2019. Engar athugasemdir bárust. *Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
28. **Kvistaland 10-16, (fsp) viðbygging** (01.863.1) Mál nr. SN190486
Skjalnr. 11929
Eiríkur Benónýsson, Kvistaland 16, 108 Reykjavík
Margrét Hjaltsted, Kvistaland 16, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Eiríks Benónýssonar og Margrétar Hjaltsted dags. 16. ágúst 2019 varðandi viðbyggingu í stað sólstofu á vesturhlíð hússins nr. 16 á lóð nr. 10-16 við Kvistaland. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019. *Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2019 samþykkt.*
29. **Garðastræti 14, Rishæð - stækkun og kvistir.** (01.136.308) Mál nr. BN055958
Skjalnr. 13822
Guðrún Jónasdóttir, Garðastræti 14, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja rishæð með kvistum á þrjá vegu og gera þar sjálfstæða íbúð í húsi á lóð nr. 14 við Garðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 16. maí 2019 til og með 13. júní 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Gestur Ólafsson dags. 11. júní 2019 og Lilja Valdimarsdóttir og Pálmi Guðmundsson dags. 13. júní 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júní 2019 og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. mars 2019 og 2. apríl 2019, einnig afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019 og samþykki meðeigenda dags. 25. mars 2019 og 22. mars 2019. Stækkun: 110,2 ferm., 33,7 rúmm. Gjald: kr. 11.200
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
30. **Suður Selás og Norðlingaholt, breyting á** (04.3) Mál nr. SN190504
deiliskipulagi Skjalnr. 5401

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breyting á deiliskipulagi Suður Seláss og Norðlingaholts. Í breytingunni felst að deiliskipulagssvæðinu er skipt þannig að sá helmingur sem er vestan Breiðholtsbrautar verður hluti af hverfisskipulagi fyrir Selás og færast allir skilmálar fyrir það svæði yfir í hverfisskipulag Selás. Austari hlutinn verður áfram hluti deiliskipulags milli Suður Seláss og Norðlingaholts. Allir skilmálar fyrir austari hlutann eru óbreyttir, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 27. ágúst 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir